

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.352	207,71
Alftanes og Stykkishólmur	6.698	259,90
Grundarfjörður	6.970	306,79
Borgarbyggð og Úthlið	7.642	336,39

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamat. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2020 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 35.905 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er 35,88 kr./m³ og gjald fyrir byggingavatn er 165,77 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	42,73	142,61
20 mm	43,49	143,38
25 mm	55,99	155,88
32 mm	62,75	162,62
40 mm	75,50	175,41
50 mm	92,33	192,26
65 mm	124,57	224,20
80 mm	241,68	341,78
≥ 100 mm	254,08	354,25

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Dvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Heimæðargjald kr.:	319.146	456.085	651.784	943.404	1.246.953	1.669.320	2.301.340

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatskrani ¹	91.582
Aftenging byggingavatskrana, yfirborð ófrágengið	79.524
Aftenging byggingavatskrana, yfirborð malbik eða steypa	210.217
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	69.772

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við þá stærð sem sótt er um.

Heimæðar fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	816.430
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatsheimæð OR	25 mm	586.341

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbrott.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir desember 2020 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2021. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1191/2019.

Reykjavík, 10. desember 2020.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Gestur Pétursson framkvæmdastjóri Veitna.